

Moldun

Láttu nú ljósið þitt
loga við rúmið mitt.
Hafðu þar sess og sæti,
signaði Jesú mæti.

Ókunnur textaböfundur

Eins láttu ljósið þitt
lýsa í hjarta mitt,
skína í sál og sinni,
sjálfur vaktu þar inni.

Lát húmið milt og hljótt
hlúa að mér í nótt
og mig að nýju minna
á mildi arma þinna.

Ég fel minn allan hag
einum þér nótt og dag,
ljósið af ljósi þínu
lífi í hjarta mínu.

24 erindi: Kírstín Erna Blöndal - Sigurbjörn Einarsson

Blessun

Eftirspil

Nú hverfur sól í haf
og húmið kemur skjótt.
Ég lofa góðan Guð,
sem gefur dag og nótt,
minn vökudag, minn draum og nótt.

Þú vakir, faðir vor,
ó, vernda börnin þín,
svo víð sem veröld er
og vonarstjarna skín,
ein stjarna hljóð á himni skín.

Lát daga nú í nótt
af nýrri von og trú
í myrkri hels og harms
og hvar sem gleymist þú
á jörð, sem átt og elskar þú.

Kom, nótt, með náð og frið,
kom nær, minn faðir hár,
og leggðu lyfstein þinn
við lífsins mein og sár,
allt mannsins böll, hvert brot og sár.

Dorkell Sigurbjörnsson / Sigurbjörn Einarsson

Prestur: Sr. Guðni Már Harðarson

Organisti: Gunnar Gunnarsson

Einsöngur: Högni Egilsson, Kristján Kristjánsson (KK)
og Ellen Kristjánsdóttir

Kór: Kór Hjallakirkju

Fiðluleikari: Sigrún Harðardóttir

Umsjón útfarar: Útfararstofa Kirkjugarðanna

Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða kirkjugestum
að þiggja veitingar í safnaðarheimili Lindakirkju að athöfn lokinni.

Aðstandendur vilja benda þeim á sem vilja minnast
Einars að styrkja Samhjálp (*Reikningur 322-26-40040, kt. 551173-0389*).

Jarðsett verður í Kópavogskirkjugarði.



Einar Sigurbjörnsson

Fæddur 17. september 1997

Dáinn 6. mars 2018



Útför frá Lindakirkju
þriðjudaginn 20. mars 2018

Forspil

Láttu sérhvert sólarlag

Bragi Valdimar Skúlason

Bæn

Eigi stjörnum ofar
á ég þig að finna,
meðal bræðra minna
mín þú leitar, Guð.

Hvar sem þrautir þjaka,
þig ég heyrir biðja:
Viltu veikan styðja,
vera hjá mér þar?

Nær en blærinn, blómið,
barn á mínum armi,
ást í eigin barmi,
ertu hjá mér, Guð.

Já, þinn vil ég vera,
vígja þér mitt hjarta,
láta ljós þitt bjarta
leiða, blessa mig.

Frostenson / Sigurbjörn Einarsson

Ritningarlestur

Einsöngur

The Sound of Silence

Simon / Garfunkel

Ritningarlestur

Enginn þarf að óttast síður
en Guðs barna skarinn friður,
fugl í laufi innsta eigi,
ekki stjarna' á himinvegi.

Hann vor telur höfuðhárin,
heitu þerrar sorgartárin,
hann oss verndar, fatar, fæðir,
frið og líf í sálum glæðir.

Sjálfur Guð á Síons-fjöllum
sól og skjöldur reynist öllum
barnaskara í böli og hörmum,
ber hann þau á föðurörmum.

Syng því dátt með sigurhljómi,
Síons hjörð og einum rómi,
hræðast þarftu ei, fjendur falla
fyrir Drottins orði snjalla.

Engin neyð og engin gifta
úr hans fadmi má oss svipta,
vinur er hann vina bestur,
veit um allt, er hjartað brestur.

Svo er endar ógn og stríðin,
upp mun renna sigurtíðin,
oss þá kallar heim til hallar
himna Guð, er lúður gjallar.

Lina Sandell-Berg / Fríðrik Fríðriksson

Guðspjall

Þú heyrir spurt: Er hjálp að fá
og hvar er ljós og dag að sjá?
Ef hjartað týnir sjálfu sér
hvar sé ég leið, hver bjargar mér?
Þú heyrir svar ef hlustar þú
af hjartans þörf, í barnsins trú
því Kristur Jesús þekkir þig
og þú ert hans, hann gaf þér sig.

Hve margur sár og meiddur spyr
við myrkvuð sund og luktar dyr.
En hlusta nú, þú heyrir svar
og heilög miskunn talar þar.
Þú heyrir svar ...

Já, Kristur segir: Kom til mín,
ég kominn er að vitja þín
og lækna þig og lýsa þér
til lífs og sigurs: Fylg þú mér.
Þú heyrir svar ...

Siguróli Geirsson / Sigurbjörn Einarsson

Minningarorð

Einsöngur

I think of angels

Kristján Kristjánsson (KK)

Bæn og Faðirvor

Þar sem englarnir syngja sefur þú,
sefur í djúpinu vera.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni,
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn, réttu sorgmæddri sál.
Svala líknarhönd.
Og slökk þú hjartans harmabál,
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni,
svo vaknar hann með sól að morgni.

Drottinn minn faðir, lífsins ljós,
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós,
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni,
þú vekur hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær.
Faðirinn mun þig geyma
um aldur og ævi þú verður mér nær,
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni,
svo vöknum við með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
vekja hann með sól að morgni,
vekja hann með sól að morgni.

Svo vöknum við með sól að morgni,
svo vöknum við með sól að morgni.

Babbi Morthens